




HÖRÐUVALLASKÓLI

## Starfsáætlun Hörðuheima



Skólaárið 2022 – 2023

## Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar .....	3
Tölulegar upplýsingar .....	3
Gjaldskrá og umsóknir .....	3
Starfsemi Hörðuheimra .....	4
Starfið í vetur - Hörðuheimar 1.-2. bekkur .....	4
Starfið í vetur – Kastalinn .....	5
Barnaráð .....	5
Sumarnámskeið Hörðuheimra .....	5
Samstarf við íþróttafélögin .....	6
Hressing .....	6
Frístundabragur/reglur .....	6
Foreldrasamstarf .....	7
Öryggi og verkferlar .....	7
Fyrirkomulag inn- og útskráningar .....	7
Á ferð með börnin .....	8
Undirbúningur .....	8
Farið yfir götu .....	8
Strætóferðir .....	8
Að fara í íþróttarútu .....	8
Almenningsgarðar .....	9
Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir .....	9
Áverkar .....	9
Smávægilegir áverkar .....	9
Alvarlegir áverkar .....	9
Höfuðhögg .....	10
Rýmingaráætlun .....	10
Viðbrögð við vá .....	10
Innra mat .....	11
Símenntunaráætlun .....	11
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti: .....	12
Viðauki 1 .....	13

# Hagnýtar upplýsingar

Frístund Hörðuvallaskóla ber nafnið Hörðuheimar. Forstöðumaður Hörðuheima er Róshildur Björnsdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Margrét Stefanía Porkelsdóttir.

Hægt er að hafa samband í síma 441-3633 fyrir klukkan 12:00 á daginn. Einnig er hægt að senda tölvupóst á [horduheimar@kopavogur.is](mailto:horduheimar@kopavogur.is).

Opnunartími Hörðuheima er frá því að skóladegi lýkur til 17:00 alla virka daga nema þá two lögbundnu skipulagsdaga sem Hörðuheimar eiga rétt á. Einnig er lokað í vetrarfríum.

Hörðuheimar er opið milli jóla og nýárs og í dymbilviku. Sérstök skráning fer fram þessa auka daga ásamt því að sérstakt gjald er tekið fyrir. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í gjaldskrá Kópavogsþærjar. EKKI ER TEKIÐ Á MÓTI ÓSKRÁÐUM BÖRNUM. Þessi opnun er auglýst sérstaklega með bréfi til foreldra og á vef og facebook síðu Hörðuheima.

Veikindi og leyfi barna þarf að tilkynna á netfangið [horduheimar@kopavogur.is](mailto:horduheimar@kopavogur.is). Ef barnið er í skólanum en á ekki að mæta í frístund er mikilvægt að láta forstöðumenn vita fyrir kl. 12:00. Það er hægt að gera með því að senda tölvupóst á netfangið [horduheimar@kopavogur.is](mailto:horduheimar@kopavogur.is).

## Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna skráð í Hörðuheima: 225

Fjöldi barna í 1. bekk: 81

Fjöldi barna í 2. bekk: 70

Fjöldi barna í 3. bekk: 66

Fjöldi barna í 4. bekk: 8

## Gjaldskrá og umsóknir

Umsóknir um Frístund fer fram í gegnum þjónustugátt Kópavogsþærjar eða inni á [www.vala.is](http://www.vala.is). Upplýsingar um gjaldskrá er að finna á vefsíðu Kópavogsþærjar, <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

# Starfsemi Hörðuheimar

Hörðuheimar hafa aðstöðu sína í 4 skúrum á lóð skólans. Starfið skiptist í tvennt, starf í Hörðuheimum fyrir 1. og 2. bekk og Kastalinn fyrir 3. og 4. bekk. Börn í 1. og 2. bekk eru sótt í stofurnar sínar þegar skóladegi lýkur. Kastalabörn mæta sjálf í rými Kastalans sem staðsett er inni í skóla. Hörðuheimar eru opnir til 17:00 alla virka daga yfir veturninn. Á starfsdögum skólans er alla jafna opið. Hörðuheimar fá hinsvegar two starfsdaga fyrir sig, einn fyrir áramót og einn eftir áramót.

## Starfið í veturn - Hörðuheimar 1.-2. bekkur

Markmið Hörðuheima er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf og koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum og að unnið sé út frá styrkleikum barnanna.

Starfið í Hörðuheimum byggist mikið á vali og eru öll börn með valspjald sem er merkt með nafni og mynd og hver bekkur á sinn lit. Með skipulagi valsins virkjum við lýðræði barnanna, við gefum þeim tiltekin völd til þess að taka ákvarðanir og þeim er sýnd virðing af hálfu okkar fullorðna fólksins. Með því viljum við stuðla að því að börnin upplifi að hinir fullorðnu virði þau sem einstaklinga, virði hæfni þeirra til þess að taka ákvarðanir og þeirra eigin skoðanir. Meðal þess sem getur verið í vali er lego, litir, perlur, kapplakubbar, bílar, skotbolti, dans og margt fleira. Einnig erum við mikið úti að leika okkur.

Rými Hörðuheima heita Rauðuheimar, Guluheimar, Svörtuheimar, Bláuheimar og Grænuheimar. Allir þessir heimar hafa einhvern sérstakan tilgang, þar sem hvert rými er nýtt í ákveðinn leik eða verkefni. Í Rauðuheimum er listasmiðjan okkar þar sem eru perlur og unnin hin ýmsu föndurverkefni með börnunum. Í Bláuheimum erum við með alla kubba, bíla og ofurhetjukarla. Í Grænuheimum eru búningar, allskyns dúkkur, eldhús og fleira í heimilisleikinn. Í Guluheimum er hægt að lesa og spila og vinna sérverkefni á hringborðum sem eru til staðar. Svörtuheimar eru rýmið okkar sem hægt er að framkalla allt í. Við erum með speglavegg sem hentar vel í dans, svið til að setja upp sýningar, myndvarpa, púða og teppi. Þar er ekkert dót en það sem er í boði þar er breytilegt frá degi til dags.

## **Starfið í vetur – Kastalinn**

Kastalinn er í boði fyrir 3. og 4. bekk þar sem í boðið uppá val með lego, segulkubbum, perlum, litir, fótboltaspil og playstation. Gefin er út vikudagskrá (sjá viðauka) í samvinnu við börnin. Við erum með hugmyndadag einu sinni í viku þar sem þau koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi starfið. Dagskrá vikunnar eftir er byggð á þeim hugmyndum. Við nýtum heimilisfræðistofuna í bakstur ásamt því að nýta nærumhverfið í ferðir, gangandi eða með strætó. Við erum með starfsfólk sem hefur tekið sundpróf og nýtum við það að sjálfsögðu í sundferðir með börnunum þegar starfið er komið vel af stað.

Hugmyndin með Kastalanum er að skapa meiri félagsmiðstöðvar stemningu þar sem ramminn er minna afmarkaður heldur en í starfi 1. og 2. bekkjar.

## **Barnaráð**

Barnaráð var stofnað haustið 2020. Ráðið byggir á 12. grein Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Í Hörðuheimum leggjum við áherslu á að starfsemin taki ávallt mið af sjónarhorni barnanna með hagsmuni og vellíðan þeirra að leiðarljósi. Einu sinni í mánuði er 2. bekkur með fund inni í sal, þar eru 8-9 börn eru dregin í ráðið með trommuslætti og fagnaðarlátum. Hugmyndakassi Hörðuheima er börnunum aðgengilegur alla daga þar sem þau geta komið hugmyndum sínum á framfæri í lituðu eða skriflegu formi. Barnaráðið situr fund með starfsmanni þar sem farið er í gegnum hugmyndakassa Hörðuheima, ásamt því að skipuleggja barnaráðsdag og gerð auglýsing fyrir hann. Hugmyndir úr hugmyndakassanum eru flokkaðar í þrjá flokka; framkvæmanlegar hugmyndir, óframkvæmanlegar hugmyndir og ógildar hugmyndir.

## **Sumarnámskeið Hörðuheima**

Sumrin 2021 og 2022 buðu Hörðuheimar upp á sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4. bekk. Í sumarfrístund var lögð áhersla á öryggi og kunnuglegt umhverfi í bland við lerdóm leik og gleði. Mikill metnaður var settur í það að hafa dagskrána fjölbreytta og skemmtilega þannig að allir gátu fundið viðfangsefni við hæfi. Sumarfrístundin byggðist á útvist, hreyfingu, leikjum, ferðum og ýmsum ævintýrum í nær- og fjærumhverfi. Starfsfólk Hörðuheima starfaði á námskeiðinu sem höfðu mikla reynslu og þekkingu á starfinu í Hörðuheimum. Námskeiðin voru fimm talsins árið 2021 og sex árið 2022, viku í senn. Námskeiðin voru fjölsótt af börnum úr öllum skólum Kópavogs.

# **Samstarf við íþróttafélögin**

Eitt af markmiðum Frístunda í Kópavogi er að auka samstarf milli íþróttar- og tómstundafélaga. Stefna Kópavogsbæjar er að skapa heildstæðan skóladag fyrir börn í 1.–4. bekk. Í Hörðuheimum er boðið upp á rútur fyrir börn sem sækja æfingu hjá Gerplu og Breiðablik og er mjög mikilvægt að foreldrar fylli inn viðeigandi upplýsingar inn á Völu í hvaða tómstundum barnið er. Þar sem HK er í næsta húsi við okkur þá geta börnin í Hörðuheimum labbað sjálf yfir og sér starfsfólk Hörðuheima um að koma börnunum á æfingar þar á réttum tíma. Ekkert barn er sent á æfingar nema foreldri/forráðamaður hafi fyllt inn viðeigandi upplýsingar inná Völu eða sent tölvupóst.

## **Hressing**

Á hverjum degi er boðið upp á síðdegishressingu. Í Hörðuheimum er reynt að bjóða upp á mikla fjölbreytni, brauðmeti, hrökkbrauð, álegg, skyr, jógúrt, ávextir og grænmeti. Einu sinni í mánuðui er barnaráðsdagur og þá ræður barnaráðið hvað er í boði í síðdegishressingu. Getur það verið mjög fjölbreytt eftir hverju ráði en við höfum boðið upp á sem dæmi pylsur, snúða, kleinuhringi og pizzu.

## **Frístundabragur/reglur**

Í Hörðuheimum tökumst við á við mismunandi verkefni. Unnið er á ýmsa vegu þar sem allskonar þættir eru styrktir og þá sérstaklega félagsfærni. Við vinnum í gegnum leik, bæði frjálsan og skipulagðan. Við í Hörðuheimum vinnum eftir einkunnaroðum skólans „það er gaman í skólanum“ og viljum við að öllum líði vel og hafi gaman. Tekist er á við vandamál með yfirvegun og í samvinnu við börn og foreldra. Einnig er unnið eftir eineltisáætlun skólans sem er að finna á heimsíðu Hörðuvallaskóla.

# **Foreldrasamstarf**

Nauðsynlegt er að láta vita af öllum breytingum á vistun barnanna, hvort sem það er breyting á heimferð, breyting á tómstundastarfi, barn fer heim með öðru barni o.s.frv. Best er að senda tölvupóst á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila.

Einnig er hægt er að hafa samband í síma í síma 441-3633 fyrir klukkan 12:00 á daginn. Ef upp kemur sú staða að það sé þörf að ná í okkur eftir klukkan 13:00 erum við með vaktsíma s:8255947 þar sem hægt er að ná í starfsfólk Hörðuheima. Við leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við foreldra og að þau séu upplýst um starfið í Hörðuheimum ásamt því að þau geti leitað til okkar ef upp vakna spurningar eða við til þeirra ef þess þarf. Í Hörðuheimum tökum við vel á móti athugasemdum og ábendingum. Við erum einnig með Facebook grúbbu þar sem við komum upplýsingum til skila, “Hörðuheimar upplýsingasíða 2022-2023” og Instagram, “Horduheimar”, þar sem við sýnum frá starfinu.

## **Öryggi og verkferlar**

Starfsmenn Hörðuheima vinna eftir öryggisferlum Kópavogsþærjar, sem þau skoða í starfsmannahandbók.

## **Fyrirkomulag inn- og útskráningar**

Börn í 1. og 2. bekk eru sótt í stofurnar sínar að skóladegi loknum og þeim fylgt yfir í Hörðuheima. Þar skrá starfsmenn börnin inn í gegnum Völuna. Starfsmaður Kastalans hverju sinni tekur svo á móti 3. og 4. bekk í þeirra rými og skráir þau inn. Tveir starfsmenn eru á stjórnstöð allan daginn og þeirra verk er að halda utan um allar skráningar og senda börn í rútur og heim á réttum tíma. Í Völunni eru líka viðeigandi upplýsingar sem berast um morguninn í gegnum síma eða tölvupóst sem forstöðumenn fá. Því er mikilvægt að láta vita ef breyting verður á heimför, ef barn á að fara fyrr, ef einhver annar sækir en vaninn er eða ef barn á að fara heim með öðru barni. Best er að senda póst um morguninn á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila. Þegar börnin fara heim eftir daginn setja þau valspjaldið sitt í „blessbless“ og kveðja starfsmann á stjórnstöð.

# Á ferð með börnin

## Undirbúningur

Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/aðstandendalisti. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma. Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer. Mynda skal tvöfalta röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka. Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn. Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

## Farið yfir götu

Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn er tilbúinn að fara yfir götuna. Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir. Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.

## Strætóferðir

Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn. Kynna sér vel tímaáætlun strætó. Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út úr strætó. Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð. Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort. Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfínu. Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó. Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn. Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

## Að fara í íþróttarútu

Starfsmenn frístunda sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu. Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spenni öryggisbelti ofl.

## **Almenningsgarðar**

Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bækistöðinni til öryggis. Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt. Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

## **Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir**

Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins. Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur. Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.

## **Áverkar**

### **Smávægilegir áverkar**

Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, staðnum. Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

### **Alvarlegir áverkar**

Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur. Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl. Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp. Starfsfólk skiptir með sér verkum og sjá til þess að sinna öðrum börnum. Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt á 112 og barni fylgt á slysadeild. Haft er samband við forráðamenn. Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálparnámskeið annað hvert ár. Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita.

## Höfuðhögg

Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Gera skal skýrslu um slysið. Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpenna eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

## Rýmingaráætlun

Ef það þarf að rýma bygginguna ber hver starfsmaður ábyrgð á að koma hópnum í sínu rými rólega og örugglega út úr byggingunni stystu leið sem möguleiki er á. Mikilvægt er að starfsmaður sé síðastur út úr stofunni til þess að tryggja að ekkert barn verði eftir.

- Ef möguleiki er á að komast í skó er það gert, annars er farið út á sokkunum.
- Öll börn og starfsfólk safnast saman á körfuboltavellinum sem er næst neyðarútganginum í Hörðuheimum.
- Mikilvægt er að allt starfsfólk sé með síma svo hægt er að hafa samband á milli hópa. Þannig er hægt að tryggja öryggi barnanna betur.
- Þegar út er komið er lesið upp af mætingarlista, ef barn er ekki úti er leitað af því. Mætingarlistinn er gríðarlega mikilvægur varðandi þetta og því nauðsynlegt að börn séu skráð inn og út.

## Viðbrögð við vá

Hörðuheimar eru opnir nema annað sé tilkynnt. Það getur komið upp sú staða að mönnun í frístund sé takmörkuð og geta foreldrar þá búist við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barnanna og hegði sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum.

**Ef óveður brestur á, á frístundatíma, skal hafa í huga að nemendur eru öruggir í Hörðuheimum og foreldrar þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnum sínum. Börn eru ekki send heim ef búið er að lýsa yfir óveðri.**

## Innra mat

Tryggja ber að starfsemi frístunda sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnumótunum frístundir. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum.

Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda.

Hver frístund mótar kerfisbundið innra mat á árangur og gæði starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt er að börnin, foreldrar og starfsfólk taki þátt í að meta starfið, eftir því sem við á. Við í frístundinni ræðum reglulega saman um það hvað við getum gert betur og setjum áætlun hvernig við ætlum að gera það, auk þess að fá uppástungur frá foreldrum og börnunum sjálfum.

## Símenntunaráætlun

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir starfsfólk og stjórnendur frístunda. Eins og áður sagði fær starfsfólk frístunda two skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn og eru þeir skipulagðir af forstöðumönnum Hörðuheima og skólastjóra til símenntunar. Fyrir skólabyrjun sátu starfsmenn námskeið á vegum Kópavogsbæjar, skyndihjálp og samskipti við börn. Hér í Hörðuvallaskóla sáum við námskeið sem heitir Uppeldi til ábyrgðar og hinsegin fræðslu. Sex starfsmenn Hörðuheima hafa tekið sundpróf sem veitir þeim réttindi til þess að fara með börn frá okkur í sund.

# **Listi yfir starfsfólk og starfsheiti:**

Róshildur Björnsdóttir - Forstöðukona

Margrét Stefanía Þorkelsdóttir – Aðstoðarforstöðukona

Alexandra Mujiatin Fikradóttir – Frístundaleiðbeinandi

Aron Ingi Laxdal Jónsson - Frístundaleiðbeinandi

Darri Gunnarsson - Frístundaleiðbeinandi

Dóra Líf Garðarsdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Erna Helga Hallgrímsdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Eyjólfur Kristopher Kolbeins - Frístundaleiðbeinandi

Guðrún Birta Ingólfssdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Hrafnhildur Hauksdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Ingibjörg María Jónsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Irfan Bajramaj - Frístundaleiðbeinandi

Jasmin Joan Rosento - Frístundaleiðbeinandi

Jónaea Haraldsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Kristín Anna Jónasdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Kristófer Jón Stefánsson - Frístundaleiðbeinandi

Margrét Áslaug Heiðarsdóttir - Frístundaleiðbeinandi 100%

Maya Angelova – Frístundaleiðbeinandi

Sigmar Bergmann Sigurðsson - Frístundaleiðbeinandi

# Viðauki 1

★★★ Kastalinn 26.- 30. september ★★★

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	
<b>MYNDMENNTASTOFA</b> SKRÍMSLAGERÐ <b>TÓNMENNTASTOFA</b> VARÚLFUR <b>KASTALASTOFA</b> KUBBAR FÓTBOLTASPIL BÆKUR SPIL	<b>SALUR</b> SKOTBOLTI <b>KÚLAN</b> PLAYSTATION BÍOMYND <b>MATSALUR</b> LITIR SPIL PERLUR	<b>KASTALASTOFA</b> HUGMYNDADAGUR -SKIPULEGGJUM DAGSKRÁ NÆSTU VIKU <b>KEPPNIDAGUR</b> SKUTLUKEPPNI <b>KASTALASTOFA</b> KUBBAR FÓTBOLTASPIL BÆKUR SPIL	<b>TÓNMENNTASTOFA</b> JUST DANCE <b>KÚLAN</b> PLAYSTATION BÍOMYND <b>MATSALUR</b> LITIR SPIL PERLUR	<b>HEIMILISFRÉÐI</b> PIZZUGERÐ <b>MYNDMENNTASTOFA</b> BÚA TIL GRÍMUR <b>KASTALASTOFA</b> KUBBAR FÓTBOLTASPIL BÆKUR SPIL	<b>Simanúmer Kastalans s. 825-5947</b>   <b>Dagskra er gerð með fyrirvara um breytingar</b>
					<b>Hugmyndadagur</b> Börnin skipuleggja næstu viku Hvað á að gera í myndmenntastofu, tónmenntastofu og inní sal? Hvað á að baka/eldar? Hvernig keppni á að hafa? Hugmyndir fyrir ferðadag?
					<b>Keppnisdagur</b> Kept verður í keppni sem börnin ákveða. Í lok hvers mánaðar eru stig talinn og mánaðarmeistari Hörðuheima kryndur.

Mánudaginn 3. október ætlum við að vera með TIE DIE í Kastalanum. Því er mikilvægt að öll börn komi með eitt hvad hvitt að heiman sem þau meiga mala a ;)